

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðs-
arins.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „skal það veita eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er“ í 1. mgr. f-liðar komi: skal það, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, veita upplýsingar um:
 - b. 2. mgr. i-liðar hljóði svo:
 1. mgr. gildir um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafli tekur til.
2. Við 3. gr.
 - a. 2. efnismgr. a-liðar hljóði svo:

Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VI. kafla og ákvæði VII. og VIII. kafla eftir því sem við getur átt. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.
 - b. B-liður b-liðar hljóði svo: stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b.